

Tillaga stjórnar BSRB til 46. þings BSRB um breytingu á lögum BSRB

A. Tillaga um breytingu á 1. málslíð 2. mgr. 16. gr.

Núgildandi	Eftir breytingu
Á þingi BSRB skal hvert aðildarfélag eiga tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu.	Á þingi BSRB skal hvert aðildarfélag eiga tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu.

Um er að ræða minniháttar breytingu á lögnum sem er í samræmi við framkvæmd við útgáfu kjörbréfa á 45. og 46. þingi BSRB. Með lagabreytingum á 44. þingi BSRB 2015 tók skipulag bandalagsins verulegum breytingum. Meðal annars var tekin ákvörðun um að fækka þingfulltrúum á þingum bandalagsins. Í samræmi við þá stefnumörkun hafa þingfulltrúar verið færri en hefði orðið ef ekki hefði verið ráðist í skipulagsbreytingarnar. Þannig hafa aðildarfélög átt tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn. Í ljós hefur komið að orðalag 1. málslíðar 2. mgr. 16. gr. laga BSRB sé ekki alveg skýrt hvað þetta varðar. Önnur túlkun á orðalagi ákvæðisins gæti falið í sér að þingfulltrúar hefðu orðið fleiri en fyrir skipulagsbreytingarnar, en ekki færri eins og stefnt var að. Rétt þykir að taka af allan vafa í þessum efnum og því er lagt til að skerpa á orðalagi ákvæðisins.

Tillöguflýtyjendum þykir tilefni til að benda á að áframhaldandi fjölgun félaga í aðildarfélögum bandalagsins gefur tilefni til að endurskoða útfærslu á úthlutun þingfulltrúa. Til að mynda er ekkert hámark á fjölda þeirra samkvæmt núgildandi reglum heldur ræðst heildarfjöldi þeirra af fjölda félagsmanna. Tillöguflýtyjendur hvetja næstu stjórn bandalagsins og aðildarfélögin til þess að taka skipulag bandalagsins að þessu leyti til skoðunar fyrir næsta þing og undirbúa lagabreytingar þar að lútandi, þyki tilefni til. Enn fremur er lagt til að á kjörtímabilinu verði tekið til skoðunar og lagt mat á áhrif skipulagsbreytinganna frá 2015 í heild sinni.

B. Tillaga um breytingu á 2. málslíð 20. gr.

Núgildandi	Eftir breytingu
Boðað skal til funda með minnst þriggja vikna fyrirvara en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður. Þá skal boðað til fundar ef 1/3 hluta ráðsins óskar þess. Fundur er lögmætur þegar meirihluti formannaráðsins er á fundi.	Boðað skal til funda með minnst þriggja vikna fyrirvara en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður. Þá skal boðað til fundar ef 1/3 hluta ráðsins óskar þess. Fundur er lögmætur þegar meirihluti formannaráðsins er á fundi. Stjórnarmenn í stjórn BSRB, sem ekki þegar eiga sæti í formannaráðinu, eiga rétt til setu á fundum þess með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Um er að ræða minniháttar breytingu sem felur í sér að einstaklingar sem eiga sæti í stjórn BSRB eigi sjálfstæðan rétt til setu á fundum formannaráðs BSRB. Kjörgengir í stjórn BSRB eru allir fullgildir félagar í BSRB þó hefðbundið sé að formenn félaga séu kjörnir. Þær aðstæður geta því komið upp að stjórnarmaður sé ekki formaður félags og þykir rétt að þeim sé kleift að taka þátt í fundum formannaráðs. Mikilvægt er að virk samskipti séu á milli þessara mikilvægu stofnana bandalagsins og því þykir eðlilegt að stjórnarmenn eigi sjálfstæðan rétt til setu á formannaráðsfundum án atkvæðisréttar.

C. Tillaga um breytingu á 1. málslíð 1. mgr. 22. gr.

Núgildandi	Eftir breytingu
Stjórn BSRB skal skipuð níu einstaklingum, þ.e. formanni, 1. og 2. varaformanni og sex meðstjórnendum ásamt 4. varamönnum.	Stjórn BSRB skal skipuð níu einstaklingum, þ.e. formanni, 1. og 2. varaformanni og sex meðstjórnendum ásamt 4- sjö varamönnum.

Lagt er til að varamönnum í stjórn BSRB verði fjölgað úr fjórum í sjö. Núverandi skipulag bandalagsins var tekið upp á 44. þingi BSRB 2015 og reynslan hefur sýnt að betra færi á því að fleiri varamenn til væru taks vegna forfalla aðalmanna. Þrjú ár líða milli þinga bandalagsins og mikilvægt er að koma í veg fyrir að sú staða komi upp að ekki sé hægt að boða fullmannaða stjórn til funda, til að mynda ef forföll koma upp með stuttum fyrirvara.